

Fundargerð

Samráðsfundur með hjólreiðafólki vegna gerðar stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Látrabjarg

haldinn í gegnum Teams þann 2. febrúar 2022 kl. 14:00-14:50

Fundarmenn:

Aðalheiður Pálmadóttir, fulltrúi landeigenda
Edda Kristín Eiríksdóttir, fulltrúi frá Umhverfisstofnun
Geir Gestsson, fulltrúi Vesturbyggðar
Jón Pétursson, fulltrúi landeigenda
Þórdís Björt Sigþórsdóttir, fulltrúi frá Umhverfisstofnun
Haukur Eggertsson, fulltrúi hjólreiðafólks

Markmið fundar/Dagskrá

1. Fá upplýsingar um það hvernig hjólreiðafólk nýtir svæðið
2. Fá upplýsingar um það hvaða væntingar hjólreiðafólk hefur í tengslum við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir svæðið
3. Aðrar umræður

1. Fulltrúi hjólreiðafólks hafði reynslu af hjólreiðaferð á svæðinu kringum 2010-2012 og upplýsti hópinn um að það myndi koma honum verulega á óvart ef það er mikill umferðarþungi þarna í dag.

Samstarfshópur setti meðal annars fram eftirfarandi spurningar/vangaveltur

- Hvort umferð hjóla myndi aukast með tímanum og hvort það skapaði hættu á bjargbrún að leyfa umferð bæði hjólandi og gangandi.
 - Fulltrúi hjólreiðafólks efast um að þarna komi stórir hópar af hjólandi hópum í framtíðinni og að það ætti ekki að takmarka eina tegund umferðar umfram aðra.
- Er hættu á að hjól spóli í blautum stíg?
 - Meiri hættu á því ef hjól er með mótör og erfiðara að reiða þyngri hjól með mótör. Að þeirra mati er ásættanlegt að takmarka umferð hjólandi á viðkvæmum svæðum við mannknúin reiðhjól ef rík ástæða þykir.
- Landverðir hafa orðið vör við aukinn áhuga hjá hjólreiðafólki að hjóla bjargbrúnina, hvernig er það þegar hjól og gönguhópur mætast á svona svæði, sem gefur ekki í aðra áttina? Hver vísir og hvernig er það?
 - Grunnreglan sem lögð er fyrir hjólreiðafólk er sú að hraðari umferð vísir fyrir hægari, hjólreiðafólk í grunninn vísir fyrir fólk, hinsvegar gerist það mjög oft að gangandi maður vísir, sérstaklega ef það er auðveldara fyrir gangandi að vísir.
 - Hjólreiðafólk myndi ekki gera athugasemdir við það ef það væru skilti sem leiðbeina um að hjólreiðafólki beri að vísir.

Stjórnunar- og verndaráætlanir

- Í skilmálum kemur fram að hjólreiðar eru leyfðar á vegum og stígum, en það er erfitt að skilgreina troðninga sem stíg, þetta eru fyrst og fremst rásir sem eru orðnar 7 og 8 faldir þar sem gróðurþekjan er verst farin, fjöldi ferðamanna hefur aukist mjög síðan 2012 og ef eitthvað er að veðri þá hlífir fólk skónum með því að stíga upp úr troðningum og býr til nýjar rásir.
 - Á meðan slóðinn er ekki djúp drulla á þann hátt að það sé erfitt að hjóla slóðina þá geta þeir hjólað og þeir þurfa ekki að passa að dekkinn óhreinist.

2. Um væntingar hjólreiðafólks til stefnumótunar svæðisins kom fram á fundinum að megin áhersla þeirra er á að hjólreiðafólki sé frjálst för um landið, þá hafa þau verið að beita sér fyrir betra vinnulagi við friðlýsingu svæða, sem snýr að því að farið sé eftir náttúruverndarlögum og eingöngu sé bannað/takmarkað þegar sérstök ástæða er til. Þeir telja að ástandið við Látrabjarg sé ekki þannig að nauðsynlegt sé að fara út í mikla umferðarstýringu reiðhjóla. Það þurfi að gæta að meðalhófi og ekki farsælt að banna umferð hjóla einungis vegna þess sem síðar gæti gerst. Fulltrúi hjólreiðafólks telur að álag vegna hjólandi eftir bjargbrún á Látrabjargi verði aldrei meiri en svo að þarna fari fleiri en 100 hjól á ári og flestir haldi sig bara á tveggja kílómetra kafla frá Bjargtöngum upp eftir bjarginu.

Önnur mál

- Vangaveltur landeiganda um að hugsanlega mætti setja umgengnisreglur fyrir hjól, verði þau leyfð á bjargbrún. Þá kom fram að engar almennar umferðarreglur væru til fyrir reiðhjól en almenn regla á stígum sé hægri réttur og tekin voru dæmi um stíga í Heiðmörk.
- Fram kom frá fulltrúa hjólreiðafólks að reiðhjól setji minna álag á landið en maður á fæti en hann tók undir að aukin spólhætta væri af rafmagnshjóli.
- Landeigandi spurði út í rafknúin reiðhjól, hvenær reiðhjól væri orðið mótörhjól.
 - Fulltrúi hjólreiðafólks svaraði því til að sum þessara hjóla rúmist innan marka um hegðun sem búast má við á reiðhjóli. Í umferðarlögum er til skilgreining á reiðhjóli svo eru það skráningarskyld reiðhjól sem eru þá með mótör með ákveðið afl.
- Fulltrúi hjólreiðafólks nefndi að í tengslum við hagsmuni ferðapjónustu þá væri gaman ef það væri einhverntíma í framtíðinni þokkalegur leið/stígur sem næði út að bílastæðinu við Geldingaskorardal – hringleið fyrir hjólandi þar sem hringur sé alltaf betri, minnkar álag, helmingar álagið á mest förnu leiðina sem eru þessir fyrstu km út frá Bjargtöngum.
- Fulltrúi hjólreiðafólks veltir því fyrir sér að ferðamannastaðir eins og Látrabjarg þar sem umferð gangandi er á öllum árstíðum, hljóti að hafa uppi fyrirætlanir um að koma einhverju efni í stígagerð eftir bjarginu, allavega einhverja hundruði metra? Sérfræðingur svæðisins upplýsti fulltrúann um að, umferðin er lítil sem engin stóran hluta árs enda veginum þangað ekki haldið opnum í snjóalögum, þá sé ekki megintilgangur með friðlýsingunni að efla ferðapjónustu, landeigendur hafi lýst þeirri skoðun yfir reglulega heldur fyrst og fremst að vernda náttúruna sem þar er að finna til framtíðar. Það sé ekki framtíðarsýn að ýta undir umferð um svæðið, en vissulega er verið að skoða leiðir til þess að stýra álagi með innviðaupbyggingu, þar á meðal hefur verið hönnuð í deiliskipulagi hringleið um þennan vestasta tanga, þar sem um 70% gesta á Látrabjargi fari ekki lengra en frá Bjargtangavita og uppfyrir Ritugjá. Ráðgert sé að færa bílastæðið, draga það fjær tanganum og búa til hringstíg þaðan. Hugmyndir um veg eftir bjargbrún yfir í Geldingskorardal hafi ekki verið á borðinu.